



G J A L D S K R Á
fyrir leikskólana í Fjarðabyggð
Gildir frá 1.1.2026

Almennt vistunargjald:	
Mánaðargjald á klst. að 30 klst. á viku	589 kr.
Almennt vistunargjald:	
Mánaðargjald á klst. fyrir vistun umfram 30 klst. á viku	2.000 kr.
Viðbótar vistunargjald á mánuði fyrir tíma fyrir kl. 8:00	10.000 kr.
Viðbótar vistunargjald á mánuði fyrir tíma eftir kl. 16:00	5.000 kr.
Skráningardagur	3.000 kr.
Morgunhressing	2.808 kr.
Síðdegishressing	2.808 kr.
Hádegismatur	0 kr.

Tafla sem sýnir leikskólagjöld á mánuði, eftir mismunandi vistunartíma barns.

Almennt vistunargjald

Dvalarstundir á dag	án afsláttar	með tekjutengdum 50% afslætti	án afsláttar með hressingu	án afsláttar með hressingu og viðbótar vistunargjaldi	með 50% afslætti hressingu og viðbótar vistunargjaldi
4 tímar	11.780 kr.	5.890 kr.	14.588 kr.	24.588 kr.	13.698 kr.
5 tímar	14.725 kr.	7.363 kr.	17.533 kr.	27.533 kr.	15.171 kr.
6 tímar	17.670 kr.	8.835 kr.	20.478 kr.	30.478 kr.	16.643 kr.
7 tímar	27.670 kr.	13.835 kr.	33.286 kr.	43.286 kr.	24.451 kr.
8 tímar	37.670 kr.	18.835 kr.	43.286 kr.	58.286 kr.	31.951 kr.

Skipulag starfs innan leikskóla Fjarðabyggðar

- Faglegt starf fer fram frá kl. 09:00 – 14:00 alla virka daga.
- Frjáls tími, morgunverður og leikstundir eru frá kl. 07:45 – 09:00 og 14:00 - 16:15.



Sveigjanlegur dvalartími

Dvalartími er sveigjanlegur og getur verið breytilegur milli daga. Lágmarksdvöl er 20 tímar á vikur og hámarksdvöl er 42,5 tímar á viku.

Hægt er að skrá börn í breytilega dvöl í upphafi hverrar annar: Viðmiðunar dagsetningar eru 20. ágúst fyrir haustönn (sept. okt. nóv. og des.), 20. desember fyrir vorönn (jan. feb. mars og apr.) og 20. apríl fyrir sumarönn (maí, júní, júlí, ágúst).

Dvalargjöld

Dvalargjöld í leikskólum Fjarðabyggðar eru reiknuð mánaðarlega og reiknast út frá dvöl barns miðað við fjölda klst. á viku án skráningardaga.

Almennt vistunargjald á mánuði fyrir allt að 30 klukkustunda vistun á viku, miðast við 589 kr. á klukkustund eða 11.780 kr. fyrir vistun sem er að jafnaði 4 tímar dag.. Almennt vistunargjald á mánuði fyrir vistun umfram 30 klst. á viku miðast við 2000 kr. á klukkustund eða 11.780 kr. + 10.000 kr. á mánuði fyrir vistun sem er að jafnaði 7 tímar á dag.

Viðbótar vistunargjald er greitt fyrir tímann kl. 7:45-8:00 og kl. 16:00–16:15. Viðbótar 15 mín að morgni kosta 10.000 kr. á mánuði og viðbótar 15 mín seinni part dags kosta 5.000 kr. á mánuði.

Skráningardagar og skert opnun

Skráningardagar eru samtals 20 á hverju ári. Skráningardaga þarf að skrá börn sérstaklega í vistun, annars er litið svo á að barn sé í fríi. Gjald fyrir hvern skráningardag er 3.000 kr. og kemur til viðbótar dvalargjöldum. Skráningardagur getur verið allt að 8 klst. Skrá þarf börn á skráningardaga í upphafi hverrar annar eða 20. ágúst fyrir haustönn (sept. okt. nóv. og des.), 20. desember fyrir vorönn (jan. feb. mars og apr.) og 20. apríl fyrir sumarönn (maí, júní, júlí, ágúst).

Skráningardagar koma fram á skóladagatölum hvers skóla ár hvert.

Dagsetningar skráningardaga eru breytilegar á milli ára í tengslum við:

- Vetrarfrí grunnskóla
- Jólafrí.
- Páskafrí.
- Dagar samkvæmt ákvörðun hvers skóla s.s. við upphaf og lok sumarleyfis og á klemmudögum.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Leikskólar eru lokaðir 24. og 31. desember. Fjórum sinnum á ári (tvisvar á önn) er skóladagurinn stytur vegna starfsmannafunda, annað hvort hefst hann kl. 10:10 eða lýkur kl. 13:50. Skert opnun vegna starfsmannafunda er tilgreind í skóladagatali hvers skólaárs.

Fæðisgjald

Fæðisgjald (morgunhressing og/eða síðdegishressing) fylgir vistunartíma barna.

Breytingar

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi miðast við 20. hvers mánaðar og tekur gildi næstu mánaðarmót á eftir. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

**Innheimta**

Leikskólagjaldið greiðist fyrir fram, eindagi er 15. hvers mánaðar. Dragist greiðsla í tvo mánuði er litið svo á, að undangenginni viðvörðun, að plássinu hafi verið sagt lausu.

Systkina afslættir

Afslættir reiknast af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga. Greiða ber fullt gjald fyrir það barn sem er í lengstri gjaldskyldri vistun. Veittur er 50% afsláttur fyrir annað barn. Ekkert er greitt fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur er milli vistunargjalds á frístundaheimili og vistunargjalds í leikskóla.

Afslættir vegna tekjuviðmiða

Einstaklingar sem falla undir tekjuviðmið 0-9.000.000 kr. geta fengið 50% afslátt af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga, en fæðisgjald fellur ekki þar undir.

Sambúðarfólk sem fellur undir tekjuviðmið 0-13.600.000 kr. geta fengið 50% afslátt af dvalargjöldum, það er almennu vistunargjaldi, viðbótar vistunargjaldi og gjaldi vegna skráningardaga, en fæðisgjald fellur ekki þar undir.

Miðað er við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu 12 mánuði áður en sótt er um afslátt. Sótt er um afslátt vegna tekjuviðmiða rafrænt í íbúagátt og með umsókn ber að skila staðgreiðsluskrá fyrir síðustu 12 mánuði. Endurnýja þarf umsókn árlega að loknu sumarfríi, eigi síðar en 20. ágúst ár hvert.

Reglur um niðurfellingu leikskólagjalda

Leikskólagjöld falla niður í sumarleyfi barna. Börn sem dvelja í leikskólum Fjarðabyggðar taka að lágmarki fjögurra vikna sumarleyfi. Foreldrar geta boðið börnum sínum upp á allt að átta vikna sumarleyfi á tímabilinu frá 15. maí til 15. september og greiða þá hlutfallslega lægri leikskólagjöld. Beiðni um slíkt þarf að berast leikskólastjóra fyrir 20. apríl.

Ef leikskóla eða deild er lokað vegna manneklu eða annarra óviðráðanlegra ástæðna í hálfan dag eða meira eru gjöld fyrir þann tíma felld niður. Það sama á við ef fleiri börn úr sömu fjölskyldu eru höfð heima þegar loka þarf deild vegna manneklu.

Ef um veikindi barns er að ræða sem vara 4 vikur eða lengur er hægt að fella niður helming leikskólagjalda gegn framvísun læknisvottorðs. Forföll langveikra barna og niðurfelling gjalda vegna þeirra verði metin af leikskólastjórum í hvert sinn.

Fjarðabyggð 10. desember 2025

Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri

Samþykkt í fjölskyldunefnd 27. október 2025

Samþykkt í bæjarráði 3. nóvember 2025

Staðfest í bæjarstjórn 5. nóvember 2025

